

Sp.

264. Fyrirspurn

[220. mál]

til landbúnaðarraðherra um beinar greiðslur til bænda.

Frá Eyjólfí Konráð Jónssyni.

1. Hvernig hafa bændur tekið því nýmæli að fá nú beint í hendur rekstrar- og afurðalán sín „um leið og lánin eru veitt“ í samræmi við fyrirmæli Alþingis í þingsályktun 22. maí 1979 og bréf viðskiptaráðuneytisins á fimm ára afmæli hennar 22. maí s. 1.? Hafa bændasamtök látið í ljós álit sitt á þessu nýmæli?
2. Hafa nokkur brögð verið að því að afurðasölufélög reyndu að sniðganga fyrirmæli Alþingis eða einstakir bankar hliðrað sér hjá að sjá til þess að fyrirskipunum viðskiptaráðuneytisins væri hlýtt?
3. Hafa sláturhús stuðlað að því að bændur fengju greitt fullt grundvallarverð á þessu hausti? Ef svo er ekki, hvernig er uppgjóri þá háttað, almennt og hjá einstökum afurðasölufyrirtækjum?